

Fundur fjárhagsnefndar SASS á ársþingi 2016 haldinn á Hnappavöllum hinn 20.október 2016 kl. 17:00.

Mætt:

Eydís Þ. Indriðadóttir, Björn Ingi Jónsson, Valtýr Valtýsson, Unnur Þormóðsdóttir og Sandra Dís Hafþórsdóttir.

Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri SASS starfaði með nefndinni.

Fjárhagsnefnd SASS leggur til að fjárhagsáætlun SASS verði samþykkt eins og hún liggur fyrir en vekur athygli á því að eðlilegast væri að framlög frá tengdum stofnunum hækki í takt við aðrar hækkanir hjá SASS. Fjárhagsnefnd leggur því til að stjórn SASS verði falið að koma með tillögu fyrir næsta aðalfund um skiptireglu á kostnaðarþátttöku stofnana í sameiginlegum rekstri skrifstofu.

Fjárhagsnefnd SASS leggur til að árreikningur SASS fyrir árið 2015 verði samþykktur eins og hann er lagður fram.

Fjárhagsnefnd leggur til að tillaga að launum stjórnar, ráða og nefnda verði samþykkt.

Fjárhagsnefnd leggur til að aðalfundur SASS samþykki eftirfarandi ályktun:

Ársþing SASS haldið á Hnappavöllum 20. til 21. október 2016 lýsir yfir miklum áhyggjum af fjárskorti í rekstri málaflokks fatlaðs fólks á Suðurlandi, en útkomuspá fyrir árið 2016 gerir ráð fyrir að um **120 mkr** muni falla á sveitarfélögin á þessu rekstrarári tilviðbótar við rúmlega **120 mkr** árið 2015. Þrátt fyrir aukna fjárveitingu á árinu 2016 er alveg ljóst að verkefnið stendur engan veginn undir sér og ekkert svigrúm er til uppbyggingar af rekstrarframlögum.

Ársþing SASS haldið á Hnappavöllum 20. til 21. október 2016 skorar á ríkisvaldið að standa vörð um almenningssamgöngur á landinu. Fyrirséð er að tap verður á rekstri almenningssamgangna hjá SASS annað árið í röð. Mikilvægt er að skilgreina lagaramma verkefnisins hið fyrsta og tryggja því nægjanlegt rekstrarfjármagn til framtíðar.

Ársþing SASS haldið á Hnappavöllum 20. til 21. október 2016 leggur til að stjórn SASS skipi starfshóp með breiðri aðkomu sveitarfélaga innan svæðisins til þess að vinna að tillögum um tekjuöflun og tekjuskiptingu af ferðamönnum. Starfshópurinn skal skila skýrslu um málefnið sem verði notuð sem grunnurinn að málþingi.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:20.